

7

11. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist ný málsgrein, er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. laganna getur ráðherra heimilað Ólafsvíkurbreppi að framkvæma fyrir febrúarlok 1960 aðalniðurbætur útsvara, sem fram átti að fara árið 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. marz 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

8

11. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður heildsöluálagningu á tóbak eftir því, sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Lög nr. 30 6. maí 1949 eru úr gildi numin.

Gjört í Reykjavík, 11. marz 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.